

Reglur Sveitarfélagsins Árborgar um fjárhagsaðstoð

I. kafli

Almenn ákvæði

1. gr.

Markmið og skylda

Markmið fjárhagsaðstoðar er að tryggja að þeir einstaklingar, hjón og fjölskyldur sem ekki geta séð sér og sínum farborða án aðstoðar fái fjárhagsaðstoð, sbr. IV. og VI. kafla laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga og III. kafla reglna þessara.

Fjárhagsaðstoð er eingöngu ætluð til framfærslu en ekki til fjárfestinga eða greiðslu skulda. Heimilt er að veita einstaklingum og fjölskyldum aðstoð vegna sérstakra aðstæðna, sbr. ákvæði IV. kafla reglna þessara.

Jafnan skal kanna til þrautar aðra möguleika en fjárhagsaðstoð, s.s. frá almannatryggingum, atvinnuleysistryggingum, lífeyris- og sjúkrasjóðum stéttarfélaga og námsstyrki. Fjárhagsaðstoð skal veitt í eðlilegum tengslum við önnur úrræði, svo sem ráðgjöf og leiðbeiningar, í samræmi við V. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

2. gr.

Framfærsluskylda

Hverjum manni er skylt að framfæra sjálfan sig, maka sinn og börn yngri en 18 ára. Sama rétt til fjárhagsaðstoðar og hjón hafa samkvæmt reglum þessum einnig tveir einstaklingar sem búa saman, enda hafi óvígð sambúð þeirra verið skráð í Þjóðskrá Íslands²⁾. Umsækjendum um fjárhagsaðstoð er skylt að leita sér að atvinnu og taka vinnu sem býðst nema því aðeins að veikindi, örorka, hár aldur eða aðrar gildar ástæður hamli því. Fjárhagsaðstoð skal veitt fólki í tímabundnum erfiðleikum og er hugsuð sem aðstoð við einstaklinga og fjölskyldur til að mæta grunnþörfum þeirra.¹⁾

1) Breyting tók gildi 1. mars 2007.

2) Breyting tók gildi 1. júní 2017.

3. gr.

Réttur fylgir lögheimili

Umsókn um fjárhagsaðstoð skal leggja fram í lögheimilissveitarfélagi. Lögheimili manns er sá staður þar sem hann hefur fasta búsetu. Maður telst hafa fasta búsetu á þeim stað sem hann hefur bækistöð sína, dvelst að jafnaði í tómstundum sínum, hefur heimilismuni sína og svefnstaður hans er þegar hann er ekki fjarverandi um stundarsakir vegna orlofs, vinnuferða, veikinda eða annarra hliðstæðra atvika ¹⁾ sbr. 2. mgr. 1. gr. laga um lögheimili nr. 21/1990.

Þurfi einstaklingur/fjölskylda skyndilega á aðstoð að halda í dvalarsveitarfélagi, s.s. vegna slysa, veikinda eða annarra orsaka, er skylt að veita tímabundna aðstoð. Hafa skal samráð við lögheimilissveitarfélagið og aðstoð metin og veitt í samræmi við reglur þessar.

Lögheimilissveitarfélagið endurgreiðir dvalarsveitarfélagi kostnaðinn að fullu, sbr. 14. gr. laga nr. 40/1991.

1) Breyting tók gildi 1. mars 2007.

4. gr.

Form fjárhagsaðstoðar til framfærslu

Fjárhagsaðstoð skal að jafnaði veitt sem styrkur. Fjárhagsaðstoð skal veitt sem lán ef umsækjandi óskar þess eða ef könnun á aðstæðum hans leiðir í ljós að eðlilegt er að gera kröfur um endurgreiðslu, m.a. með tilliti til eigna og framtíðartekna, sbr. 14. gr. reglna þessara og 22. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Einstaklingar sem bíða eftir endurhæfingarlífeyri, örorkumati frá Tryggingastofnun ríkisins og atvinnuleysisbótum, geta sótt um fjárhagsaðstoð í formi láns. Þegar viðkomandi umsækjandi hefur fengið bætur greiddar aftur í tímann frá Tryggingastofnun ríkisins og VMST ber honum að endurgreiða lánið með eingreiðslu til baka. Ef aðstæður eru þannig er þó hægt að semja um annað fyrirkomulag.

Ef fjárhagsaðstoð er veitt í formi láns skal þess sérstaklega getið í skriflegri skuldaviðurkenningu með hvaða hætti og hvenær lánið skuli endurgreitt. Jafnframt skal lánþegi samþykkja með skriflegu umboði að endurgreiðslan verði dregin út af bankareikningi hans ²⁾. Lán eru vaxtalaus. Heimilt er samt að taka vexti af lánum, þó aldrei hærri en meðalvexti lánastofnana á hverjum tíma.

Ef veita á fjárhagsaðstoð sem lán og fyrir liggur að umsækjandi er þegar með eldra framfærslulán hjá félagsþjónustu skal gera eldra lánið upp eða sameina það nýrri lánveitingu áður en nýtt lán er veitt ³⁾.

1, 2, 3) Breyting tók gildi 1. júní 2017.

5. gr.

Lækkun fjárhagsaðstoðar til framfærslu

Hafi umsækjandi hafnað atvinnu og/eða námskeiðstilboði hjá Vinnumálastofnun eða sagt starfi sínu lausu án viðhlítandi skýringar eða eigi sjálfur sök á uppsögn, skerðist réttur til framfærslu um helming þess framfærslukvarða er umsækjandi fellur að, þann mánuð sem hann hafnar vinnu svo og mánuðinn þar á eftir. Sama á við um atvinnulausan umsækjanda sem ekki framvísar vottorði eða greiðsluseðli frá Vinnumálastofnun án viðhlítandi skýringar.

Einnig skerðist með sama hætti réttur umsækjanda sem hætt hefur þátttöku í átaksverkefni, endurhæfingu og/eða einstaklingsmiðaðri áætlun hjá ráðgjafa félagsþjónustu nema veigamiklar ástæður, sem fram koma við mat á aðstæðum umsækjanda, mæli gegn því ¹⁾. Hafi umsækjandi ekki skráð sig vikulega hjá félagsþjónustu á fjölskyldusviði á þar til gert minnisblað, missir hann hlutfallslegan rétt til fjárhagsaðstoðar það tímabil sem skráningu vantar.

1)Breyting tók gildi 1. febrúar 2010.

6. gr.

Samþykkt aðstoð og tímamörk

Réttur til fjárhagsaðstoðar skapast í þeim mánuði sem sótt er um aðstoð og er að jafnaði um eftirá greiðslur að ræða ³⁾. Fjárhagsaðstoð skal að öllu jöfnu vera greidd einn mánuð í senn. Fjárhagsaðstoð er aldrei skylt að veita lengra aftur í tímann en fjóra mánuði frá því umsókn er lögð fram, sbr. 3. mgr. 21.gr. laga um félagsþjónustu sveitafélaga nr. 40/1991 með síðari breytingum. Rökstuddar ástæður verða að réttlæta slíka aðstoð og verður skilyrðum fjárhagsaðstoðar að vera fullnægt allt það tímabil sem sótt er um.

Ef fjárhagsaðstoð varir lengur en þrjá mánuði, þarf umsækjandi að endurnýja umsókn sína skriflega. Aðstæður þeirra sem fengið hafa fjárhagsaðstoð lengur en þrjá mánuði skulu kannaðar sérstaklega og félagsleg ráðgjöf veitt í samræmi við V. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Ef fjárhagsaðstoð hefur varað í sex mánuði skal viðkomandi bent á að leita sér aðstoðar umboðsmanns skuldara ef við á.¹⁾ Eigi umsækjandi rétt á fjárhagsaðstoð telst hún ekki gild fyrir en öll gögn hafa borið. Gögn þurfa að berast innan 3ja vikna frá dagsetningu umsóknar. Í undantekningartilvikum er heimilt að veita fjárhagsaðstoð vikulega vegna sérstakra aðstæðna ²⁾.

1. Breyting tók gildi 1. febrúar 2011.

2. Breyting tók gildi 20. febrúar 2013.

3. Breyting tók gildi 1. júní 2017.

II. kafli

Umsókn og fylgigögn

7. gr.

Umsókn um fjárhagsaðstoð

Umsókn um fjárhagsaðstoð skal leggja fram skriflega hjá félagsþjónustu Árborgar að Austurvegi 2, Selfossi. Í neyðartilvikum er heimilt að leggja fram umsókn í dvalarsveitarfélagi, sbr. 3. gr. reglna þessara.

Umsókn skal undirrituð á sérstök umsóknareyðublöð, þar sem koma fram upplýsingar um umsækjanda, þar með talið lögheimili, dvalarstað ef hann er annar en lögheimili, fjölskyldugerð, nafn maka og barna á framfæri og upplýsingar um tekjur og eignir. Þá skulu einnig koma fram upplýsingar um ríkisfang, húsnæðisaðstæður, menntun og atvinnustöðu.

Umsækjandi getur veitt öðrum skriflegt umboð til að sækja um aðstoð fyrir sína hönd ef umsækjandi sjálfur er ófær um að undirrita umsóknina.

8. gr.

Fylgigögn með umsókn um fjárhagsaðstoð

Umsókn er aðeins gild að lögð séu fram eftirfarandi gögn sem sýni tekjur, eignir og skuldir umsækjanda og maka/sambýlismanns, sé umsækjandi í hjónabandi eða sambúð:

1. Launaseðill þess mánaðar sem umsókn er lögð fram í og tvo mánuði á undan, hafi umsækjandi atvinnutekjur.
2. Greiðsluseðill bóta frá Tryggingastofnun ríkisins (TR) þess mánaðar sem umsókn er lögð fram í og tvo mánuði á undan, njóti umsækjandi bótagreiðslna.
3. Upplýsingar um aðrar tekjur, s.s. mæðra- og feðralaun, greiðslur úr atvinnutryggingasjóði, frá verkalýðsfélögum, sjúkrasjóðum stéttarfélaga, innlendum og erlendum lífeyrissjóðum, bönkum, lánastofnunum, opinberum sjóðum og hinu opinbera.
4. Staðfest afrit af síðasta skattframtali umsækjanda og maka hans eða sambýlismanns, eigi það við sbr. 24. gr. laga nr. 40/1991 eða veflykil RSK.
5. Þegar umsækjandi/maki/sambýlismaður er atvinnulaus skal hann heimila upplýsingaöflun frá Vinnumálastofnun sem staðfestir atvinnuleysi hans. Njóti umsækjandi réttar til atvinnuleysisbóta skal hann framvísa greiðslufirliti.

Læknisvottorði skal framvísa ef umsækjandi er óvinnufær og hefur ekki fengið atvinnuleysisbætur vegna veikinda.

6. Þá þarf umsækjandi að skrá sig vikulega hjá félagsþjónustu Árborgar á þar til gert minnisblað ²⁾.
7. Hafi umsækjandi nýlega slitið hjúskap eða sambúð, skal leggja fram vottorð sýslumanns því til staðfestu og samkomulag um skiptingu eigna og skulda, sé um það að ræða.
8. Þá þarf umsækjandi sem dvalið hefur á meðferðarstofnun að skila inn staðfestu afriti af sjúkradagpeningum vegna dvalar.

Ef umsækjandi skilar ekki viðeigandi gögnum innan 3ja vikna, stöðvast afgreiðsla umsóknar. ¹⁾

1) Breyting tók gildi 1. mars 2007.

2) Breyting tók gildi 1. febrúar 2010.

9. gr.

Upplýsingar um fjárhag og tekjur umsækjanda/maka

Starfsmenn félagsþjónustu geta, ef þörf krefur, aflað ítarlegri upplýsinga um tekjur og eignir umsækjanda/maka, m.a. hjá skattayfirvöldum, atvinnurekendum, Tryggingastofnun ríkisins, Atvinnuleysistryggingasjóði, Útlendingastofnun, sýslumanni ²⁾ innlendum og/eða erlendum lífeyrissjóðum og bönkum. Skal það gert í samráði við umsækjanda. Neiti umsækjandi að veita upplýsingar um fjárhag sinn eða maka, stöðvast afgreiðsla umsóknar.

Umsækjendur skulu mæta í viðtal til starfsmanna félagsþjónustu þar sem kannaðar eru fjárhagslegar og félagslegar aðstæður. Veita skal umsækjendum leiðbeiningar um málsmæðferð umsóknar. Ennfremur skulu þeir upplýstir um rétt til aðstoðar sem þeir kunna að eiga annars staðar og ber þeim að nýta sér þann rétt. ¹⁾

1) Breyting tók gildi 1. mars 2007.

2) Breyting tók gildi 1. febrúar 2010.

III. kafli

Réttur til fjárhagsaðstoðar

10. gr.

Upphæðir fjárhagsaðstoðar

Framfærslugrunnur tekur mið af útgjöldum vegna daglegs heimilishalds og miðast við grunnfjárhæð kr. 160.102,-¹⁾. Upphæðir fjárhagsaðstoðar eru eftirfarandi:

- Framfærslugrunnur einstaklinga 18 ára og eldri sem sannanlega reka eigið heimili er 1,0 eða **kr. 164.377,-¹⁾**. Með rekstri eigin heimilis er átt við þær aðstæður þegar viðkomandi býr í eigin húsnæði eða leigir húsnæði og leggur fram þinglýstan húsaleigusamning því til staðfestingar.
- Framfærslugrunnur hjóna og fólks í sambúð er 1,6 eða **kr. 263.003,-¹⁾**. Frá upphæð fjárhagsaðstoðar dragast skattskyldar tekjur sbr. 13. gr. Upphæð fjárhagsaðstoðar er óháð því hvort barn eða börn búi á heimilinu að undanskyldum þriðja lið þessarar greinar.4).
- Framfærslugrunnur einstaklinga 18 ára og eldri sem búa með öðrum, leigja húsnæði án þinglýsts leigusamnings eða hafa ekki aðgang að húsnæðier 0,8 eða **kr. 131.502,-¹⁾**.
- Framfærslugrunnur einstaklinga sem búa hjá foreldrum. 0,45 eða **kr. 73.970,-¹⁾**.
- Einstaklingar sem eru inniliggjandi á sjúkrastofnun eða í áfengis- eða vímuefnaeðferð og hafi umsækjandi samkvæmt ofangreindum lið forsjá barns og hafi barn lögheimili hjá honum, Reiknast út frá framfærslugrunni 0,8 **131.502 kr¹⁾** af grunnfjárhæð nema einstaklingur reki eigið heimili 1.0 eða **164.377 kr¹⁾**. Með rekstri eigin heimilis er átt við þær aðstæður þegar viðkomandi býr í eigin húsnæði eða leigir húsnæði og leggur fram þinglýstan húsaleigusamning því til staðfestingar¹⁾.

Nánar um rétt til fjárhagsaðstoðar:

Réttur til fjárhagsaðstoðar er frá þeim degi er viðkomandi skilar inn umsókn um fjárhagsaðstoð.

Þeir einstaklingar, hjón eða sambýlisfólk, sem hafa lægri tekjur en sem nemur grunnfjárhæð og eiga ekki eignir umfram íbúðarhúsnæði sem þeir búa í og eina fjölskyldubifreið, eiga rétt á fjárhagsaðstoð samkvæmt þessum kafla.

- Hafi umsækjandi nýlega selt eignir, skal honum vísað á lánaþyrirgreiðslu banka og/eða annarra lánastofnana þó svo tekjur hans séu lægri en grunnfjárhæð.
- Einstaklingar sem afplána dóma innan fangelsis eiga ekki rétt á fjárhagsaðstoð.
- Umsækjandi sem er í meðferð á stofnun, áfangaheimili, í neyðarathvarfi eða á meðferðarheimili og er tekju- og/eða réttindalaus, þ.e. nýtur ekki vasapeninga frá Tryggingastofnun ríkisins eða annarra bóta, getur sótt um fjárhagsaðstoð sem nemur meðferðargjaldi á stofnun og framfærslu samkvæmt reglum þessum. Dvalargjald er greitt beint til viðkomandi stofnunar eftir á. Samtals getur styrkurinn aldrei verið hærri en grunnfjárhæð hverju sinni.
- Skilyrði fyrir greiðslu dvalarkostnaðar er að viðkomandi stofnun sé með leyfi þartilbærra yfirvalda og sannarlega þykir sýnt fram á að viðkomandi sé að greiða fyrir fæði og húsnæði.
- Þeir einstaklingar sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu á grundvelli læknisvottorðs um óvinnufærni skulu í samvinnu við sérfræðing félagsþjónustu gera einstaklingsmiðaða áætlun sem miðar að því að umsækjandi nái vinnufærni að öllu leyti eða að hluta. Læknisvottorð skulu vera útgefin af heilsugæslu eða sérfræðilækni sem annast mál einstaklingsins ⁵⁾.

1) Breyting tók gildi 1. mars 2007, 1. febrúar 2008, 1. febrúar 2009, 1. febrúar 2010, 1. febrúar 2011, 1. febrúar 2014, 1. janúar 2015, 1. janúar 2016, 1. febrúar 2017, 1. febrúar 2018.

2, 3, 4,5) Breyting tók gildi 1. júní 2017, 1. febrúar 2018, 1. febrúar 2019. 1) 1. febrúar 2020

11. gr.

Aðstoð vegna barna og ungmenna

Við afgreiðslu fjárhagsaðstoðar skal gera ráð fyrir að kostnaður vegna barna greiðist af barnabótum og meðlögum. Einstaklingar yngri en 18 ára eiga ekki rétt á fjárhagsaðstoð í eigin nafni.

12. gr.

Tekjur og eignir umsækjanda/maka

Allar tekjur einstaklingsins og maka/sambýlismanns í þeim mánuði sem sótt er um og mánuðinn á undan koma til frádráttar við ákvörðun um upphæð fjárhagsaðstoðar. Með

tekjum er hér átt við allar tekjur einstaklings/maka. Miða skal við heildartekjur áður en tekjuskattur hefur verið dreginn frá ¹⁾.

Til tekna telst m.a.

- Atvinnutekjur, allar skattskyldar tekjur frá Tryggingastofnun ríkisins, greiðslur úr lífeyrissjóðum, atvinnuleysisbætur, leigutekjur o.s.frv.
- Mæðra- og feðralaun.
- Framlag til menntunar eða starfsþjálfunar samkvæmt 62. gr. barnalaga nr. 76/2003 sem ungmennti 18-20 ára kunna að fá.

Greiðslur vegna barna, húsnæðisbætur, sérstakur húsnæðisstuðningur og vaxtabætur reiknast ekki til tekna ²⁾.

Eignir umsækjanda/maka:

Eigi umsækjandi, maki hans eða sambýlisaðili, eignir umfram íbúðarhúsnæði sem umsækjandi eða fjölskylda hans býr í eða hafi hann nýlega selt eignir sínar, skal honum vísað á lánaþyrirgreiðslu banka og sparisjóða þó að tekjur hans séu lægri en grunnfjárhæð. Ef umsækjandi, maki hans eða sambýlisaðili, á eignir sem nýtast geta til framfærslu á hann ekki rétt á fjárhagsaðstoð.

1. Breyting tók gildi 1. febrúar 2011.

2. Breyting tók gildi 1. júní 2017.

13. gr.

Meðlagsgreiðslur umsækjanda

Heimilt er að greiða einstaklingi sem nýtur fjárhagsaðstoðar og greiðir meðlag hærri fjárhagsaðstoð en samkvæmt 11. gr. reglna þessara. Skilyrði er að umsækjandi sýni fram á að hann hafi staðið í skilum með meðlag a.m.k. undanfarna fjóra mánuði. Uppsafnaðar meðlagsskuldur veita ekki rétt samkvæmt þessari grein. Uppfylli umsækjandi skilyrði greinarinnar er heimilt að hækka fjárhagsaðstoð sem nemur einu meðlagi eins og það er á hverjum tíma samkvæmt ákvörðun Tryggingastofnunar ríkisins. Viðbótargreiðslur samkvæmt þessari grein skulu greiddar beint til Innheimtustofnunar sveitarfélaga¹⁾.

1) Breyting tók gildi 1. mars 2007.

14. gr.

Bráðaaðstoð

Heimilt er að veita einstaklingi fjárhagsaðstoð, hér nefnd bráðaaðstoð, þó svo öll tilskilin gögn fylgi ekki umsókn, ef um brýna neyð er að ræða. Bráðaaðstoð er í meginatriðum ætluð til að tryggja börnum og unglingum innan fjölskyldu farborða. Upphæðin getur þó ekki numið hærri upphæð en 25 % af grunnfjárhæð einstaklings á mánuði. Hún skal veitt í formi láns eða styrks¹⁾ og er aðeins heimilt að veita aðstoð á þennan hátt einu sinni. Reynist umsækjandi eiga rétt á fjárhagsaðstoð samkvæmt 11. gr. skal tekið tillit til lánsins/styrksins¹⁾ við útborgun fjárhagsaðstoðar ella getur komið til endurgreiðslu til sveitarfélagsins.¹⁾

1) Breyting tók gildi 1. mars 2007.

15. gr.

Atvinnurekendur, sjálfstætt starfandi einstaklingar og einstaklingar í hlutastörfum

Atvinnurekendur og sjálfstætt starfandi einstaklingar sem hafa eða hafa haft lægri tekjur en sem nemur grunnfjárhæð eiga rétt á fjárhagsaðstoð, hafi þeir stöðvað atvinnurekstur sinn og tilkynnt skattfyrvöldum um það. Einnig er það skilyrði að þeir hafi sótt um atvinnuleysisbætur í samræmi við lög um atvinnuleysistryggingar nr. 54/2006.

Heimilt er að skerða framfærslu²⁾ til sjálfstætt starfandi atvinnurekenda, sbr. 5.gr. reglna þessara um fjárhagsaðstoð, í þeim tilvikum að viðkomandi hafi vanrækt að tryggja sig sem leiðir til þess að viðkomandi á ekki rétt á atvinnuleysisbótum. Skerðingin nær til þess mánaðar sem einstaklingur sækir um og mánuðinn þar á eftir. Starfsmaður skal brýna fyrir umsækjendum mikilvægi þess að tryggja sig fyrir atvinnuleysi með greiðslum í tryggingasjóð. Þá er starfsmönnum heimilt að synja sjálfstæðum atvinnurekendum um fjárhagsaðstoð í þeim tilvikum er viðkomandi hefur ítrekað vanrækt að tryggja sig á þennan hátt.¹⁾

Gerð skal krafa um að einstaklingar í hlutastarfi skrái sig hjá Vinnumálastofnun og leiti að fullu starfi en framvísi ella læknisvottorði.

1) Breyting tók gildi 1. mars 2007.

2) Breyting tók gildi 1. febrúar 2011.

16. gr.

Námsmenn

Einstaklingur sem stundar lánshæft nám hjá LÍN á ekki rétt á fjárhagsaðstoð til framfærslu.

Í eftirfarandi tilvikum er heimilt að veita lán/styrk til einstaklinga sem ekki hafa lokið grunnskóla eða framhaldsskóla:

- Til einstaklinga á aldrinum 18-24 ára sem hafa búið við mjög erfiðar félagslegar aðstæður. Um sé að ræða einstakling sem ekki hefur tök á að vinna með skóla og fyrir liggur mat á því að ef ekki komi til aðstoðar sé ljóst að viðkomandi flosni úr námi.
- Til einstæðra foreldra 18-24 ára sem hafa átt í félagslegum erfiðleikum. Aðstoðin skal vera liður í því að gera viðkomandi kleift að lifa efnahagslega sjálfstæðu lífi.

Forsenda námsaðstoðar er að námsmaður sýni fram á eðlilega skólasókn og námsframvindu skv. reglum viðkomandi skóla. Að öðrum kosti fellur fjárhagsaðstoð niður. Ákvarðanir skulu teknar fyrir hverja önn og heimilt er að veita námsstyrk að hámarki 4 annir. Miðað skal við að námið leiði til starfsréttinda eða að nemi geti í framhaldi hafið nám sem er lánshæft hjá LÍN. Tekjur sem umsækjandi kann að fá reiknast honum til tekna og frádráttar frá fjárhagsaðstoð. Bókakostnaður og skólagjöld skulu að hámarki nema kr. 50.000.- og skila þarf viðeigandi kvittunum²⁾.

Heimilt er að veita styrk til virkniúrræðis ef það er liður í umfangsmeiri félagslegri aðstoð og umsækjandi hefur verið með fjárhagsaðstoð í þrjá mánuði eða lengur og það er mat ráðgjafa félagsþjónustu að úrræðið sé liður í að aðstoða einstaklinginn til að komast úr þeim aðstæðum sem hann er í. Virkniúrræðið þarf að vera til þess fallið að efla einstaklinginn til áframhaldandi uppbyggingar og aðstoða hann við að komast af fjárhagsaðstoð. Horft er á námskeið sem eru t.d. á vegum Vinnumálastofnunar, starfsendurhæfingar Birtu og Virk sem og grunnmenntunarskóla/Fræðslunets Suðurlands.

Hámarks aðstoð er kr. 50.000.- á ári.¹⁾

1) Breyting tók gildi 1. febrúar 2011.

2) Breyting tók gildi 1. febrúar 2016.

17. gr.

Fjárhagsaðstoð er skattskyld

Fjárhagsaðstoð telst til skattskyldra tekna. Um frádrátt staðgreiðslu vísast til laga um tekjuskatt nr. 90/2003. Umsækjandi skal afhenda skattkort sitt áður en fjárhagsaðstoð er greidd út.

IV. kafli

Heimild til fjárhagsaðstoðar vegna sérstakra aðstæðna

18. gr.

Aðstoð til foreldra vegna barna á þeirra framfæri

Í eftirfarandi tilvikum er heimilt að veita sérstaka aðstoð til lögheimilisforeldra vegna barna á þeirra framfæri þegar ljóst þykir að stuðningur við börn er nauðsynlegur vegna greiðsluferfiðleika foreldra:

A. Foreldri hefur verið viðtakandi fjárhagsaðstoðar til framfærslu sl. þrjá mánuði eða lengur og/eða heildartekjur heimilis eru við eða undir grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar skv. reglum þessum eins og hún er skilgreind hverju sinni.

B. Foreldrar glíma við alvarlega greiðsluferfiðleika samkvæmt mati félagsþjónustu og um er að ræða sérstök meðferðar- og/eða stuðningssjónarmið eða fyrirbyggjandi starf á sviði barnaverndar.

Heimildin nær til styrkja vegna daggæslu barns í heimahúsi, leikskólagjalda, skólamáltíða, frístundaheimilis, sumarúrræða og/eða þátttöku barns í þroskandi félags- og tómstundarstarfi. Viðmiðunarmörk aðstoðar með hverju barni eru að hámarki kr. 20.000.-

C. Vegna náms 16 og 17 ára barna. Hér er átt við foreldra sem hafa haft tekjur undir grunnfjárhæð eða á mörkum hennar undanfarna þrjá mánuði og/eða ljóst þykir samkvæmt mati starfsmanna félagsþjónustu að foreldrar glíma við alvarlega fjárhagserfiðleika og að ef ekki komi til aðstoðar sé ljóst að viðkomandi ungmenni flosni úr námi. Skal styrkurinn miða að því að greiða skólagjöld og bókakostnað samkvæmt kvittun, að hámarki kr. 30.000.-.

Forsenda aðstoðar skv. greininni er að fyrir liggi samkomulag um félagslega ráðgjöf þar sem foreldrar m.a. samþykkja ráðgjöf varðandi fjármál. Ætíð skal miða við áfallandi kostnað og því er ekki heimilt að veita aðstoð vegna uppsafnaðra skulda. Ávallt skal vera um tímabundna samþykkt að ræða, sem sætir endurskoðun á þriggja mánaða fresti, hið minnsta.

Vegna styrkja til greiðslu félags- og tómstundastarfs ber umsækjanda að nýta sér rétt til hvatagreiðslna hjá sveitafélaginu áður en til frekari aðstoðar kemur og skal styrkurinn vera greiddur beint til viðkomandi félags. Aðrir styrkir skv. greininni eru einungis veittir gegn framvísun kvittunar.¹⁾

1. Breyting tók gildi 1. febrúar 2018

19. gr.

Áfallaaðstoð

Heimilt er að veita tekjulágum einstaklingum eða fjölskyldum með tekjur undir grunnfjárhæð eða á mörkum hennar fjárhagsaðstoð vegna eignamissis eða ef rýma þarf íbúð af heilbrigðisástæðum. Aðstoðin kemur einungis til álita þegar tjónþoli hefur ekki haft heimilstryggingu eða aðra tryggingu sem bætir tjónið. Viðmiðunarmörk aðstoðar eru kr. 50.000.-.

Gildistími umsóknar er tveir mánuðir frá samþykkisdegi.¹⁾

¹⁾ Breyting tók gildi 1. mars 2007.

20. gr.

Greiðsla sérfræðiaðstoðar

1. Lán/styrkur til greiðslu tannlækninga

Heimilt er að veita fjárhagsaðstoð til greiðslu nauðsynlegra tannlækninga til einstaklinga sem eru við eða undir tekjuviðmiðu fjárhagsaðstoðar samkvæmt Reglum sveitarfélagsins Árborgar um fjárhagsaðstoð.

Kostnaðaráætlun tannlæknis skal fylgja með umsókn.

Sé umsókn samþykkt, skal fjárstyrkurinn greiddur út að lokinni meðferð beint til viðkomandi tannlæknis gegn framvísun reiknings. Viðmiðunarmörk aðstoðar eru kr. 40.000.- á ári.

2. Lán/styrkur til greiðslu viðtala hjá sérfræðingum

Heimilt er að veita einstaklingum í eftirtöldum aðstæðum fjárhagsaðstoð til greiðslu viðtala hjá félagsráðgjöfum, sálfræðingum og geðlæknum, ef það er liður í umfangsmeiri félagslegri aðstoð og umsækjandi er við eða undir viðmiðunarmörkum fjárhagsaðstoðar skv. reglum þessum og fyrirsjáanlegt að eigi sé hægt að veita þjónustuna innan félagsþjónustu eða á vegum heilbrigðisstofnana.

A) Einstaklingum sem búa við mikla og langvarandi félagslega erfiðleika.

B) Einstaklingum eða fjölskyldum sem hafa orðið fyrir alvarlegum áföllum, svo sem skyndilegum ástvinamissi eða alvarlegu ofbeldi.

C) Til lögheimilisforeldra vegna barna sem þurfa á sérhæfðri meðferð að halda og ekki er unnt að veita slíka þjónustu hjá Heilbrigðisstofun Suðurlands⁴⁾

Miðað er við greiðslu vegna þriggja viðtala.³⁾

Miðað er við greiðslu vegna fimm viðtala samkvæmt A, B og C lið að hámarki.

Í sérstökum tilvikum er heimilt að greiða fyrir fleiri viðtöl.²⁾

Viðmiðunarmörk aðstoðar eru þó aldrei hærri en kr. 80.000.-⁴⁾ á ári.

1) Breyting tók gildi 1. mars 2007.

2,3) Breyting tók gildi 1. febrúar 2010.

3. Breyting tók gildi 1. febrúar 2018

4. Breyting tók gildi 1. maí 2020

3. Styrkur til að stunda endurhæfingu eða meðferð á Heilsustofnun(NLFÍ)¹⁾ og Reykjalundi³⁾.

Þeir einstaklingar/hjón sem eru með heildartekjur undir kr. 165.000.- / 263.000.- geta fengið styrk sem nemur kr. 58.940.- á viku. Styrkurinn getur þó aldrei orðið hærri en kr. 235.760.- í heild sinni á ári.³⁾

Þeir einstaklingar/hjón sem eru með heildartekjur frá kr. 166.000-202.000/264.000-323.000.- geta fengið styrk sem nemur kr. 39.293.- á viku. Styrkurinn getur þó aldrei orðið hærri en kr. kr. 157.172.- í heild sinni á ári.³⁾

Þeir einstaklingar/hjón sem eru með heildartekjur frá kr. 203.000-263.000/316.000-477.000.- geta fengið styrk sem nemur kr. 19.646.- á viku. Styrkurinn getur þó aldrei orðið hærri en kr. 78.584.- í heild sinni á ári.³⁾

Ef einstaklingur dvelur minna en 4 vikur er styrkurinn í samræmi við það. Dvalargjaldið greiðist gegn reikningi frá HNLFÍ eða Reykjalundi.

1. Breyting tók gildi 1. maí 2015.

2. Breyting tók gildi 1. febrúar 2016, 1. júní 2017....

3. Breyting tók gildi 1. maí 2020

Gildistími umsóknar er tveir mánuðir frá samþykkisdegi.

21. gr. **Sérstakir styrkir**

Desemberuppbót

Heimilt er að veita viðtakendum fjárhagsaðstoðar í desember sérstaka desemberuppbót sem nemur 20% af framfærslugrunni viðkomandi umsækjanda. Heimildin nær til þeirra viðtakenda sem hafa fengið fjárhagsaðstoð undangengna þrjá mánuði samfellt og eiga ekki rétt á desemberuppbót annars staðar frá.¹⁾

1. Breyting tók gildi 1. júní 2017.

Útfararstyrkur/Lán³⁾

Heimilt er að veita lán eða styrk vegna útfarar þegar sannreynt hefur verið að dánarbú getur ekki kostað útför hins látna.

Heimilt er að veita eftirlifandi maka lán eða styrk vegna útfararkostnaðar þegar dánarbúið getur ekki greitt fyrir útför hins látna og eignir eftirlifandi maka eru ekki aðrar en íbúðarhúsnæði sem umsækjandi býr í.

Heimilt er að veita foreldri eða foreldrum, sem eru við eða undir viðmiðunarmörkum fjárhagsaðstoðar skv. reglum þessum fjárhagsaðstoð vegna útfararkostnaðar barns.

Eftirfarandi gögn þurfa að fylgja umsókn um útfararstyrk:

- Staðfest ljósrít af skattframtali hins látna og eftirlifandi maka.
- Launaseðlar og greiðslufirlit frá tryggingum og lífeyrissjóðum.
- Staðfesting frá stéttarfélagi um rétt til útfararstyrks. Styrkur frá stéttarfélagi kemur til frádráttar frá styrk félagsþjónustunnar.
- Tilkynning sýslumanns um skiptalok á grundvelli eignayfirlýsingar, sbr. 25. gr. laga um skipti á dánarbúum o. fl. nr. 20/1991, eða einkaskiptaleyfi útgefið af sýslumanni til erfingja skv. 31. gr. og sbr. 28. gr. sömu laga.

Samþykkt aðstoð greiðist gegn framvísun reiknings frá útfararstofu og/eða annarra gagna um kostnað vegna útfarar. Hámarksaðstoð er kr. 150.000.-²⁾

Styrkur vegna kaupa á hjálpartækjum³⁾

Heimilt er að veita einstaklingum með tekjur um eða undir viðmiðunarmörkum fjárhagsaðstoðar til kaupa á gleraugum, heyrnartækjum og öðrum hjálpartækjum. Styrkur til gleraugnakaupa og annarra hjálpartækja er að hámarki kr. 30.000.- á ári og að hámarki kr. 50.000.- vegna kaupa á heyrnartækjum.

Gildistími umsóknar er tveir mánuðir frá samþykkisdegi.¹⁾

1) Breyting tók gildi 1. mars 2007

2) Breytingin tók gildi 1. febrúar 2010

3) Breytingin tók gildi 1. febrúar 2016

22. gr.

Aðstoð vegna sérstakra erfiðleika

Heimilt er að veita einstaklingum, hjónum eða sambúðarfólki, lán eða styrk vegna mikilla fjárhagslegra og félagslegra erfiðleika, að uppfylltum öllum neðangreindum skilyrðum:

- a. Umsækjandi hafi haft tekjur undir grunnfjárhæð eða á mörkum hennar undanfarna sex mánuði eða lengur.
- b. Staðfest sé að umsækjandi hafi ekki aðgang að lánaþyrirgreiðslu banka, sparisjóða eða annarra lánastofnana.
- c. Fyrir liggi yfirlit starfsmanns félagsþjónustu eða umboðsmanns skuldara um um fjárhagsstöðu umsækjanda og tillögur að úrbótum þegar við á.
- d. Fyrir liggi á hvern hátt lán eða styrkur muni breyta skuldastöðu umsækjanda til hins betra þegar til lengri tíma er litið.
- e. Fyrir liggi samkomulag um félagslega ráðgjöf og/eða fjármálaráðgjöf.
- f. Að ljóst sé að umsækjandi geti staðið í skilum með afborganir og greiðsluáætlun liggi fyrir.
- g. Umsækjandi eigi ekki ógreitt lán frá félagsþjónustu eða öðrum félagsþjónustum.

Ef veitt er ábyrgðaryfirlýsing³⁾/lán vegna fyrirframgreiðslu/tryggingar á leiguhúsnæði⁴⁾ er skilyrt að þinglýstur húsaleigusamningur liggi fyrir eða önnur staðfesting á því að samningur eigi við rök að styðjast. Miðað skal við að leigufjárhæð sé í samræmi við leigu á almennum markaði.²⁾

Þegar um lán er að ræða skal greiðsluáætlun fylgja með umsókn.

Eigi er heimilt að veita styrk eða lán til greiðslu skulda við banka, sparisjóði og aðrar lánastofnanir, s.s greiðslukortafyrirtæki. Þá er hvorki heimilt að veita styrk eða lán til greiðslu skattaskulda og sekta né heldur skulda við einkaaðila.

Miðað er við að ábyrgðaryfirlýsing/lán vegna fyrirframgreiðslu/tryggingar á leiguhúsnæði sé einungis veitt í eitt skipti en í undantekningartilfellum er hægt að veita slíka aðstoð oftár og er það skv. faglegu mati ráðgjafa Félagsþjónustu.²⁾

Gildistími umsóknar er tveir mánuðir frá samþykkisdegi.¹⁾

1) Breyting tók gildi 1. mars 2007.

2) Breyting tók gildi 1. febrúar 2011, 1. október 2018.

3,4) Breyting tók gildi 1. júní 2017.

23. gr.

Um fjárhagsaðstoð sem veitt er í formi láns

Uppfylla þarf öll skilyrði 23. gr. reglna þessara auk eftirfarandi skilyrða:

- Skilyrði fyrir fjárhagsaðstoð í formi láns er að fyrir liggi mat á endurgreiðslugetu umsækjanda. Aðeins skal veita lán þegar ljóst er að umsækjandi muni geta staðið í skilum með afborganir af því.
- Eigi er heimilt að veita lán ef umsækjandi er fyrir með lán frá félagsþjónustu Árborgar.
- Skilyrði er að umsækjandi veiti skriflegt samþykki fyrir reglulegri skuldfærslu fyrir afborgunum lánsins af reikningi sínum.
- Að öllu jöfnu skal ekki veita umsækjanda lán ef hann hefur fengið afskrifað lán frá félagsþjónustu Árborgar á síðustu 12 mánuðum og öðrum félagsþjónustum.
- Lán kemur aðeins til útborgunar eftir að gengið hefur verið frá skuldabréfi í samvinnu við fjármálastjóra sveitarfélagsins.
- Starfsmenn félagsþjónustu eða banka ráðstafi láninu til lánadrottna.

24. gr.

Rangar eða villandi upplýsingar

Fjárhagsaðstoð veitt á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hendi þess sem aðstoðina fær er endurkræf og getur félagsþjónustu endurkafið viðkomandi um fjárhæðina samkvæmt almennum reglum kröfuréttar. Einnig er heimilt að draga ofgreidda fjárhæð frá

fjárhagsaðstoð sem umsækjandi kynni að öðlast rétt til síðar. Ef sannreynt er við vinnslu máls að upplýsingar sem umsækjandi hefur veitt eru rangar eða villandi, stöðvast afgreiðsla umsóknarinnar.

V. kafli

Málsmeðferð

25. gr.

Málsmeðferðarreglur

Málsmeðferðarreglur XV. og XVI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og stjórnýslulaga nr. 37/1993 gilda um meðferð mála og ákvarðanatöku samkvæmt reglum þessum.

26. gr.

Könnun á aðstæðum

Kanna skal aðstæður umsækjanda svo fljótt sem unnt er eftir að umsókn um fjárhagsaðstoð hefur borist. Sama á við ef félagsþjónustu berast upplýsingar um nauðsyn á aðstoð með öðrum hætti. Starfsmenn félagsþjónustu skulu taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er og sjá jafnframt til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin.

27. gr.

Samvinna við umsækjanda

Öflun gagna og upplýsinga skal unnin í samvinnu við umsækjanda. Við meðferð umsóknar og ákvarðanatöku skal leitast við að hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er, en að öðrum kosti við umboðsmann hans. Umboðsmaður skal framvísa skriflegu vottuðu umboði.

28.gr.

Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum

Málsgögn er varða persónulega hagi einstaklinga sem leita eftir fjárhagsaðstoð skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn kynnst einkahögum umsækjanda eða

annarra í starfi sínu, er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu samþykki viðkomandi. Trúnaður helst eftir að látið er af starfi.

29.gr.

Leiðbeiningar til umsækjanda

Við afgreiðslu umsóknar skal starfsmaður bjóða umsækjanda félags- og fjárhagslega ráðgjöf og veita upplýsingar og leiðbeiningar um réttindi hans að öðru leyti. Berist skriflegt erindi sem ekki heyrir undir starfssvið félagsþjónustu, skal starfsmaður í samráði við umsækjanda framsenda erindið svo fljótt sem auðið er.

30. gr.

Niðurstaða og rökstuðningur synjunar

Kynna skal afgreiðslu umsóknar svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn hafnað í heild eða að hluta skal tilkynna umsækjanda það með skriflegum hætti og rökstyðja ákvörðunina.

31. gr.

Ákvarðanataka samkvæmt reglum þessum

- Með reglum þessum veitir félagsmálanefnd Sveitarfélagsins Árborgar starfsmönnum félagsþjónustu Árborgar heimild til að taka ákvarðanir um fjárhagsaðstoð samkvæmt reglum þessum.
- Sé umsókn um fjárhagsaðstoð synjað, skal það tilkynnt umsækjanda skriflega og skulu forsendur synjunar rökstuddar.
- Starfsmenn skulu kynna umsækjanda ákvarðanir sem teknar eru samkvæmt reglum þessum með tryggilegum hætti þannig að ávallt liggi fyrir hvenær umsækjanda var kunnugt um ákvörðun félagsþjónustu
- Starfsmenn skulu einnig kynna umsækjanda rétt hans til málskots til félagsmálanefndar Árborgar, vilji hann ekki una ákvörðun starfsmanna sem og um málskotsfrest. Um málskot vísast til 33. og 34. gr. reglna þessara.

32. gr.

Málskot til félagsmálanefndar Árborgar

Umsækjandi getur skotið ákvörðun starfsmanna félagsþjónustu Árborgar til félagsmálanefndar Árborgar til endurskoðunar. Skal það gert innan fjögurra vikna frá því umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun starfsmanna. Málskot til félagsmálanefndar frestar ekki framkvæmd hinnar kærðu ákvörðunar nema nefndin ákveði annað.

Félagsmálanefnd skal fjalla um kærufni og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er.

Félagsmálanefnd skal kynna umsækjanda ákvarðanir sínar, rétt hans til málskots til úrskurðarnefndar félagsþjónustu og málskotsfrests með tryggilegum hætti.

33. gr

Málskot til úrskurðarnefndar velferðarmála

Umsækjandi getur skotið ákvörðunum félagsmálanefndar Árborgar til úrskurðarnefndar velferðarmála. Skal það gert innan fjögurra vikna frá því viðkomandi barst vitneskja um ákvörðun félagsmálanefndar. Málskot til úrskurðarnefndarinnar frestar ekki framkvæmd hinnar kærðu ákvörðunar nema nefndin ákveði annað.

- Úrskurðarnefnd velferðarmála fjallar um eftirtalin atriði, sbr. 64. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.
- Málsmeðferð, sbr. XVI. kafla laga nr. 40/1991.
- Rétt til aðstoðar samkvæmt IV. kafla laga nr. 40/1991.
- Hvort samþykkt þjónusta og upphæð fjárhagsaðstoðar er í samræmi við reglur viðkomandi sveitarstjórnar.
- Greiðslur fjárhagsaðstoðar aftur í tímann, sbr. 3. mgr. 21. gr. laga nr. 40/1991.

34. gr.

Gildistaka

Reglur þessar eru settar með vísan til 10. og 21. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. *Reglur þessar voru samþykktar af félagsmálanefnd Sveitarfélagsins Árborgar 23. mars 2020, í bæjarráði 26. mars og í bæjarstjórn Árborgar 29. apríl 2020*